

Þriðjudaginn 3. júní 1986.

Nr. 117/1986. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Eðvarð Inga Hreiðarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Máli þessu var áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar með stefnu 18. febrúar 1986 en ákærði vildi una dóminum.

Ágrip málsins barst Hæstarétti 23. apríl 1986.

Lögglumenn sem voru að eftirlitsstörfum laugardaginn 29. júní 1985 mældu með ratsjá hraða bifreiðarinnar Y 9101 sem ákærði ók vestur Suðurlandsbraut og reyndist hraði hennar vera 80 km á klst. en á þeim vegi er hámarkshraði 50 km á klst. Ákærði viðurkendi fyrir dómi að hafa verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar. Niðurstaða blóðrannsóknar sýndi 0,60% alkóhólinnihald í blóði ákærða. Hefur ákærði með því atferli gerst brotlegur við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og með hinum of hraða akstri við 1. mgr. 50. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 16/1977. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 14. júní 1985 var ákærði sviptur ökuleyfi í tvö ár. Hefur hann því nú einnig gerst brotlegur við 1. mgr. 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga.

Ekki þykir ákærði á grundvelli framkominnna sakargagna verða sakfelldur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Verður hann því sýknaður af þeim þætti ákæru.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976 hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævi-langt.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 8.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Eðvarð Ingi Hreiðarsson, sæti varðhaldi 15 daga. Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. janúar 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 29. janúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Bergsteini Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 62/1986: Ákærvaldið gegn Eðvarð Inga Hreiðarssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. janúar 1986, á hendur ákærða, „Eðvarð Inga Hreiðarssyni, Kleppsvegi 122, Reykjavík, fæddum 13. maí 1960 þar í borg, fyrir að aka, laugardaginn 29. júní 1985, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, bifreiðinni Y-9101 sem áfátt var um búnað stýris, hemla og hjólbarða, frá Ölveri, Glæsibæ við Álfheima í Reykjavík, að Reykási og þaðan áleiðis að Kleppsvegi þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Suðurlandsbraut og fyrir að aka bifreiðinni í greint sinn með allt að 80 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli skammt vestan Langholtsvegur.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og 16, 1977.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því sem fram er komið í málinu:

Ákærði ók laugardaginn 29. júní 1985 bifreiðinni Y-9101 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum frá Ölveri í Glæsibæ við Álfheima í Reykjavík að Reykási og þaðan áleiðis að Kleppsvegi þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Suðurlandsbraut.

Ákærði ók með allt að 80 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli skammt vestan Langholtsvegur.

Hemlar, stýri og hjólbarðar framangreindrar bifreiðar voru ekki í lagi.

Ákærði drakk „bjórlíki“ fyrir aksturinn.

Ákærði drakk ekki áfengi eftir að akstri hans lauk.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar kl. 22:45. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 0,60‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

- Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:
- 1976 Uppvis að broti g. 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 8.9. 1976.
- 1978 12/6 Sátt: 60.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Ökul.sv. í 6 mán. frá 27.4. 1978.
- 1978 15/11 Sátt: 50.000 kr. sekt f. brot g. 219. gr. hgl. og 47. gr., 49. og 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 2 mán. frá 15.11. 1978.
- 1985 14/6 Dómur: 45 daga varðhald f. brot g. 4. mgr. 220. gr. og 1. mgr. 259. gr. heg.n.laga, 1. mgr. 24. gr. áfl. og 25., 37. og 49. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 14/6 1985.

Dómurinn frá 14/6 1985 hefur samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54, 1976. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 18.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Ákærði var með dómi 14. júní 1985 sviptur ökuleyfi í 2 ár. Þykir ekki ástæða til að gera honum frekari ökuleyfissviptingu.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Eðvarð Ingi Hreiðarsson, greiði 18.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá dómsuppkvaðningu en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.